

# Eftirlitsáætlun og áherslur fyrir einnota plastvörur 2025



## Eftirlitsáætlun og áherslur fyrir einnota plastvörur 2025

Apríl 2025

**Útgefandi:** Umhverfis- og orkustofnun

**Útgáfunúmer:** UOS-2025:15

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

**[www.uos.is](http://www.uos.is)**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
1 Inngangur.....	4
2 Lagaákvæði um plastvörur.....	5
2.1 Tegundir plasts sem heyra undir ákvæði laganna.....	5
2.2 Plast að hluta til eða öllu leyti.....	6
2.3 Bann við afhendingu burðarpoka úr plasti og við afhendingu burðarpoka án endurgjalds.....	6
2.4 Merkingar burðarpoka og einnota plastvara .....	7
2.5 Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað.....	7
2.6 Afhending tiltekinna einnota plastvara .....	9
2.7 Gerð og samsetning einnota drykkjarílata.....	10
3 Áætlun um eftirlit með plastvörum 2025 .....	11
3.1 Áætluð sértæk eftirlitsverkefni og vöktun á reglufylgni á gildistíma áætlunarinnar.....	11
3.2 Samvinna við önnur stjórnvöld.....	11
4 Gerð eftirlitsáætlunar .....	11
5 Framkvæmd eftirlits.....	12
5.1 Heimildir stofnunarinnar, skyldur eftirlitspega og viðurlög.....	12
5.2 Markmið eftirlits.....	13
5.3 Samræmt eftirlit með landinu öllu .....	13
5.4 Eftirlit ársins 2025 .....	13
5.5 Birting á samantekt eftirlits.....	14

# 1 Inngangur

Plast er víðtækt hugtak<sup>1</sup> og vísar til hóps af ólíkum efnum sem öll eiga það þó sameiginlegt að innihalda einhverja fjölliðu sem öðrum efnum kann að hafa verið bætt við. Á síðari árum hefur umræða aukist um svokallað lífplast sem er plast sem framleitt er úr lífmassa og/eða er lífniðurbrjótanlegt. Samkvæmt skilgreiningu í lögum er lífplast einnig plast. Lífplasti getur fylgt álagi á umhverfið líkt og hefðbundið plast og er úrgangsméðhöndlun því einnig nauðsynleg.

Einnota plastvörur eru líklegri til að enda í sjónum heldur en fjölnota vörur og hafa þar víðtæk áhrif á heilsu manna og umhverfis. Um 77% af öllu rusli í sjó innan Evrópusambandsins eru einnota plastvörur og veiðarfæri.<sup>2</sup> Á Íslandi hefur rusl á ströndum landsins verið vaktað frá 2016 samkvæmt leiðbeiningum og aðferðarfræði OSPAR-samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins. Að ársmeðaltali er hlutfall plasts um 68% af því rusli sem týnt er í tengslum við það verkefni.<sup>3</sup>

Árið 2019 setti Evrópusambandið (ESB) tilskipun til að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið.<sup>4</sup> Ákvæði úr tilskipuninni voru innleidd í íslenskan rétt með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Markmiðið er að draga úr áhrifum af notkun plasts á umhverfi og heilsu fólks og til að vekja neytendur til umhugsunar um neyslu og umhverfisáhrif plasts. Aðgerðin telst einnig partur af hringrásarhagkerfinu þar sem verið er að draga úr notkun einnota plastvara og styðja frekar við notkun fjölnota vara.<sup>5</sup>

---

<sup>1</sup> Skilgreiningu á plasti er að finna í 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998: *Plast* er efni sem samanstendur af fjölliðu, eins og hún er skilgreind í reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og getur nýst sem aðalbyggingarefni fullunninnar vöru, þ.m.t. plast sem getur brotnað niður með eðlisfræðilegu og lífrænu niðurbroti, en undanskildar eru náttúrulegar fjölliður sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum.

<sup>2</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ([ESB 2019/904](#)) frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið [2019] OJ L 155. Bls. 1-19.

<sup>3</sup> Umhverfisstofnun. Vefsíða stofnunarinnar - <https://ust.is/haf-og-vatn/plastmengun/voktun-stranda/>.

<sup>4</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (íslensk þýðing).

<sup>5</sup> Frumvarp til laga [um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998](#), með síðari breytingum (EES-reglur, plastvörur). 2020.



Umhverfis- og orkustofnun er falið að fara með eftirlit með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara samkvæmt 1. mgr. 51. gr laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar að auki kveða lögin á um að stofnunin skuli útbúa eftirlitsáætlun ár hvert þar sem aðgerðir eru samræmdar fyrir allt landið og sérstaklega er gætt að hagkvæmni og komið í veg fyrir tvíverknað sbr. 3. mgr. 51. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að eftirlit sé umfangsmest til að byrja með og fari svo minnkandi ár hvert auk þess sem tekið verði mið af eftirlitsþörf við gerð eftirlitsáætlunar. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var að auki gert ráð fyrir heildarendurskoðun á eftirlitsþörfinni fimm árum eftir gildistöku ákvæðanna<sup>6</sup>.

Hér á eftir er áætlun Umhverfis- og orkustofnunar um eftirlit með tilteknum plastvörum fyrir árið 2025. Lögð er sérstök áhersla á 37. gr. b., c., e. og f. í framangreindum lögum.

## 2 Lagaákvæði um plastvörur


Í X. kafla A. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er fjallað um burðarpoka og plastvörur. Hér að neðan er nánari útlistun á þeim kröfum sem gerðar eru varðandi þær einnota plastvörur sem heyra undir lögin.

### 2.1 Tegundir plasts sem heyra undir ákvæði laganna

Lögin gilda sama hvort tiltekin vara sé gerð úr plasti úr jarðolíu eða af lífrænum uppruna. Undanskilið er plast sem eru búið til úr náttúrulegum fjölliðum sem ekki hefur verið breytt með efnafræðilegum aðferðum. Hér má sjá dæmi um ólíkar tegundir plasts, sem heyra undir ákvæði laganna, flokkað eftir uppruna þess og hvort það er lífbrjótanlegt.

---

<sup>6</sup> Sama og tilvísun nr. 4.



Fyrir skilgreiningu laganna skiptir ekki máli hvort einnota vara er lífbrjótanleg (e. biodegradable), endurvinnanleg (e. recyclable) eða moltanleg (e. compostable) til að ákvarða hvort efnið teljist vera plast eða ekki.

## 2.2 Plast að hluta til eða öllu leyti

Lögin gilda sama hvort tiltekin vara er gerð úr plasti að hluta til eða að öllu leyti. Ekki skiptir þá máli hvort það sé 1% plast í vörinni, 15% eða 100%. Því telst pappamál sem hefur þunna plasthúð að innan vera mál úr plasti og gilda ákvæði laganna um slíkar vörur.

## 2.3 Bann við afhendingu burðarpoka úr plasti og við afhendingu burðarpoka án endurgjalds

Lagaákvæði um burðarpoka voru sett til að innleiða tilskipun (ESB) 2015/720 frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun 94/62/EB til þess að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti.<sup>7</sup> Í tilskipuninni er aðildarríkjum skylt að gera ráðstafanir til að ná fram viðvarandi minni notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, þ.e. þynnri en 15 míkron, á yfirráðasvæði sínu. Við innleiðingu á tilskipuninni hér á landi var gengið lengra en nauðsyn krefur og lagt bann við afhendingu burðarpoka úr plasti þegar pokarnir eru afhentir við sölu á vörum.<sup>8</sup>

Ekki er heimilt að afhenda burðarpoka án endurgjalds á sölustöðum vara, óháð því úr hvaða efni þeir eru, og þarf gjaldið að vera sýnilegt á kassakvittun, sbr. 37. gr. b. Aukin skilyrði eru í lögnum vegna burðarpoka úr plasti, en slíkur poki er skilgreindur sem poki með eða án halda

<sup>7</sup> [Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins \(ESB\) 2015/720](#), [2015] OJ L 115. Bls. 11-15.

<sup>8</sup> Frumvarp til laga [um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998](#), með síðari breytingum (EES-reglur, burðarpokar). 2019.

sem gerður er úr plasti. Samkvæmt 37. gr. c. er bannað að afhenda slíka burðarpoka á sölustað vara hvort sem það er gegn endurgjaldi eða ekki.



Leyfilegt er að hafa í sölu burðarpoka úr plasti inni í sölurými verslana þar sem ákvæðið bannar ekki almenna sölu plastpoka heldur þá poka sem notaðir eru til þess að koma vörum heim til kaupandans.<sup>9</sup> Þó skal taka fram að bannið nær yfir það þegar verslanir senda vörur heim til kaupenda ef sala hefur t.a.m. farið fram á vef enda er þá um að ræða afhendinu á burðarpokum úr plasti við sölu á vöru.

## 2.4 Merkingar burðarpoka og einnota plastvara

Tvær kröfur eru gerðar til merkinga plastvara og eru þær settar fram í 37. gr. d. Önnur krafan snýr að því að burðarpokar séu merktir í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Hin krafan snýr að því að merkja skuli einnota plastvörur sem settar eru á markað með áberandi, auðlæsilegum og óafmáanlegum merkingum til að upplýsa neytendur og er nánar kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Skyldur vegna merkinga munu einnig eiga við tóbaksvörur og munu þær þurfa að bera viðbótarkerkingar umfram þær sem kveðið er á um í [lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002](#).

Sú reglugerð sem vísað er til í 37. gr. d. er varðar merkingar hefur ekki verið sett þegar þessi áætlun er skrifuð. Þrátt fyrir að ákvæði varðandi merkingar muni byggja á tilskipun (ESB) 2019/904 mun eftirlit með þeim ekki fara fram fyrr en nákvæm útfærsla þeirra hér á landi er ljós og reglugerðin hefur öðlast gildi.

## 2.5 Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað

Í 37. gr. e. er kveðið á um bann við að setja tilteknar einnota plastvörur á markað. Bannið tók gildi 3. júlí 2021. Að setja á markað er „þegar vara er í fyrsta sinn afhent hér á landi í atvinnuskyni til dreifingar, neyslu eða notkunar, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds“ sbr. 3. gr. laganna.

---

<sup>9</sup> Sama og tilvísun nr. 7.

Bannið tekur til 9 vörutegunda sem hér segir:

- baðmullarpinna, nema þeir falli undir lög um lækningatæki,<sup>10</sup>
- hnífapör (gafflar, hnífar, skeiðar og matprjónar),
- diska,
- sogröra, nema þau falli undir lög um lækningatæki,
- hræripinna fyrir drykkjarvörur,
- stanga sem ætlaðar eru til að festa við blöðrur og sem halda þeim uppi, nema blöðrur séu til notkunar í iðnaði eða annarri atvinnustarfsemi og ekki ætlaðar til dreifingar til neytenda, þ.m.t. búnað á slíkar stangir,
- mataríláta úr frauðplasti, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar, þ.m.t. matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum,
- drykkjaríláta úr frauðplasti, þ.m.t. tappa þeirra og lok, og
- bolla og glös fyrir drykkjarvörur úr frauðplasti, þ.m.t. lok þeirra.

---

<sup>10</sup> [Lög um lækningatæki nr. 132/2020.](#)





Þar að auki er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að setja á markað plastvörur sem eru niðurbjótanlegar með oxun, hvort sem um er að ræða einnota eða fjölnota, lífbrjótanlegt eða ólífbrjótanlegt plast, og er bannið ekki takmarkað við þær 9 vörutegundir sem getið er um hér að ofan. *Plast sem er niðurbjótanlegt með oxun* vísar til plasts sem inniheldur íblöndunarefni sem leiða til þess að með oxun sundrast plastið í öragnir eða úr verður efnafræðilegt niðurbrot, sbr. 3. gr. laganna. Talið var mikilvægt að banna sérstaklega þessa gerð plasts þar sem það brotnar ekki niður á ákjósanlegan hátt heldur stuðlar að örplastmengun í umhverfinu. Það er að auki ekki jarðgerðarhæft, hefur neikvæð áhrif á endurvinnslu á hefðbundnu plasti og skilar ekki lofuðum umhverfisávinningi.<sup>11</sup>

## 2.6 Afhending tiltekinna einnota plastvara

Í 37. gr. f. er kveðið á um að á sölustöðum skuli hafa gjald sýnilegt á kassakvittun fyrir ákveðnar einnota plastvörur þar sem óheimilt er að afhenda þær án endurgjalds frá og með 3. júlí 2021. Þessi krafa á við um eftirfarandi vörutegundir:

- Bolla og og glös fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra, og
- matarílát, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og eru tilbúin til neyslu

<sup>11</sup> Sama og tilvísun nr. 1.

án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar, en að undanskildum umbúðum sem ætlaðar eru til að vefja utan um matvæli.

Með þessari aðgerð er verið að reyna draga úr notkun á einnota matarílátum, bollum og glösum úr plasti og hvetja til fjölnota staðgöngukosta. Rannsóknir hafa sýnt fram á fælingarmátt vegna gjaldsins þar sem fólk upplifir tap við að þurfa borga fyrir umbúðirnar.<sup>12</sup>

Í 37. gr. f. er ráðherra einnig gefið svigrúm til að leggja á frekari skyldur í tengslum við sölu eða afhendingu einnota plastvara sem og að setja töluleg markmið til að draga úr notkun þeirra með ákvæðum í reglugerð. Sem fyrr segir hefur reglugerð ekki verið sett og því er einungis stefnt að eftirliti með 1. og 2. mgr.

## 2.7 Gerð og samsetning einnota drykkjaríláta

Ákvæði 37. gr. g. snýr að einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur en þær skulu vera gerðar úr endurunnu plasti að lágmarkshluta sem tilgreindur verður í reglugerð. Sem fyrr segir hefur sú reglugerð ekki verið sett þar sem framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þess efnis er enn í skoðun hjá EES/EFTA-ríkjunum.

Frumvarp umhverfis, orku og loftlagsráðherra um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 hefur nú lokið umræðu á þingi og verið samþykkt.<sup>13</sup> Tilfni þess er innleiðing ákvæðis 1. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2019/904 með það að markmiði að koma í veg fyrir að tappa og lok af einnota drykkjarílátum og -umbúðum endi á víðavangi í umhverfinu. Með lögnum verður nýrri málsgrein bætt við 37. gr. g. laganna. Greinin leggur bann við því að settar verði á markað ákveðnar einnota plastvörur sem eru með tappa eða lok úr plasti, nema tapparnir eða lokin séu áfram föst við vöruna á meðan á fyrirhugaðri notkun á þeim stendur. Ákvæðið muni taka gildi frá og með 1. júlí 2025.

Þó svo að umræddar reglur taki gildi á eftirlitsárinu telur stofnunin að fara skuli eftir því ferli sem fram fór við setningu annarra ákvæða um einnota plastvörur. Það er að kynna skyldur og réttindi til atvinnulífs árið sem reglurnar taka gildi og hefja eftirlit ári eftir að því hefur lokið. Mun eftirlit því ekki fara fram með ákvæðinu árið 2025.

---

<sup>12</sup> Skýrsla unnin fyrir framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Assessment of measures to reduce marine litter from single use plastics - [https://ec.europa.eu/environment/pdf/waste/Study\\_sups.pdf](https://ec.europa.eu/environment/pdf/waste/Study_sups.pdf). 2018.

<sup>13</sup> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 (EES-reglur, einnota plastvörur). 2025.

## 3 Áætlun um eftirlit með plastvörum 2025

Hér að neðan eru tilgreind þau verkefni sem Umhverfis- og orkustofnun setur sér varðandi eftirlit með plastvörum árið 2025 í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Nánari útlistun á gerð áætlunarinnar og framkvæmd eftirlits má finna í köflum 4 og 5.

### 3.1 Áætluð sértæk eftirlitsverkefni og vöktun á reglufylgni á gildistíma áætlunarinnar

1. Afhending tiltekinna einnota plastvara – gjald sýnilegt á kassakvittun
2. Bann við afhendingu á burðarpökum úr plasti
3. Bann við afhendingu á burðarpökum án endurgjalds
4. Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað

Auk afmarkaðra verkefna í þessari áætlun er lögð áhersla á að bregðast við ábendingum um möguleg lagabrot frá öðrum stjórnvöldum, almenningi og fyrirtækjum sem og upplýsa fyrirtæki um skyldur sínar. Einnig er lögð áhersla á samstarf þeirra sem fara með fræðslu um plastmál ([samangegnsoun.is](http://samangegnsoun.is)) og þeirra sem koma að eftirliti.

### 3.2 Samvinna við önnur stjórnvöld

Umhverfis- og orkustofnun vinnur náið með öðrum stjórnvöldum á mörgum málefnasviðum. Ekki er kveðið sérstaklega á um samráð við önnur stjórnvöld vegna þessarar eftirlitsáætlunar í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hins vegar er kveðið á um í 3. tl. 3. mgr. 51. gr. í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að Umhverfis- og orkustofnun skuli hafa samstarf við Úrvinnslusjóð og Skattinn um framkvæmd eftirlits við innflutning og markaðssetningu plastvara. Að auki leggur stofnunin áherslu á samvinnu og upplýsingagjöf er varðar eftirlitið í því skyni að gæta að hagkvæmni.

## 4 Gerð eftirlitsáætlunar

Í 51. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir segir um eftirlitsáætlun:

*Til framfylgdar ákvæðum laga þessara um plastvörur skal Umhverfis- og orkustofnun m.a.:*

1. *hafa samræmt eftirlit með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara, sbr. 37. gr. d – 37. gr. g, á landinu öllu, og*

2. útbúa ár hvert áætlun um eftirlit með plastvörum, sbr. 1. tölul., sem gildir fyrir landið allt þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni í eftirliti og komið í veg fyrir tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.

Í greinargerð segir enn fremur:

*Lagt er til að framkvæmd eftirlitsins verði í höndum Umhverfisstofnunar. Meginmarkmið eftirlitsins verður að tryggja framkvæmd laganna og jafnræði aðila á markaði gagnvart lögunum. Eftirlitið verður bundið við tilteknar greinar laganna og gerð verður krafa um að samræmt eftirlit verði á landinu öllu, sem byggist á þar til gerðri eftirlitsáætlun. Jafnframt er gerð krafa um hagkvæmni.*

*Verði frumvarpið að lög er gert ráð fyrir að eftirlit hefjist við gildistöku og að það verði umfangsmest fyrst um sinn en geti farið minnkandi eftir því sem atvinnulíf og almenningur aðlagast lögunum. Mögulegt verður að taka mið af þeirri þróun sem verður á eftirlitsþörf við gerð eftirlitsáætlunar hvers árs entil viðbótar er gert ráð fyrir að heildarendurskoðun á eftirlitsþörfinni fari fram fimm árum eftir gildistöku laganna, sbr. ákvæði laga um opinberar eftirlitsreglur.*

Í þessari áætlun er lögð áhersla á eftirlit með 37. gr. b., c., e. og f. laganna.

## 5 Framkvæmd eftirlits

### 5.1 Heimildir stofnunarinnar, skyldur eftirlitsþega og viðurlög

Í 51. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að Umhverfis- og orkustofnun skuli hafa samræmt eftirlit á landinu öllu með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara. Í lögunum er einnig kveðið á um að eftirlitsskyldum aðilum beri að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar og afhenda henni sýni, sem teljast nauðsynleg vegna eftirlitsins, endurgjaldslaut, sbr. 3. mgr. 62. gr. Stofnuninni er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ.m.t. töku sýna og myndatöku, á hvern þann stað sem lögin ná yfir og er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu ef með þarf, sbr. 1. mgr. 62. gr. Að auki er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að taka gjald fyrir eftirlit, eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 1. mgr. 53. gr.

Í 63. gr. a. er Umhverfis- og orkustofnun veitt heimild til að stöðva markaðssetningu plastvöru sem uppfyllir ekki skilyrði laganna. Stofnunin getur tekið tilteknar plastvörur úr sölu eða dreifingu eða innkallað varanlega og lagt hald á slíkar vörur. Að auki má Umhverfis- og orkustofnun krefjast þess að birgji fargi, afturkalli eða geymi viðkomandi plastvöru þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

Í 7. tl. 1. mgr. 67. gr. laganna er Umhverfis- og orkustofnun veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæðum um plastvörur, sbr. 2. mgr. 37. gr. d., 37. gr. e., 1. mgr. og 2. mgr. 37. gr. f. og 37. gr. g.

## 5.2 Markmið eftirlits

Aðal markmið eftirlitsins er að vinna með eftirlitsþegum í átt að fjölnota valkostum og minni notkunar einnota plastvara. Eftirlitsþegar eru fræddir um neikvæð áhrif plasts á umhverfið og heilsu fólks og gildandi reglur um einnota plastvörur. Umhverfis- og orkustofnun beitir sér fyrir því að vinna með eftirlitsaðilum að því að uppfylla ákvæði laganna um einnota plastvörur.



## 5.3 Samræmt eftirlit með landinu öllu

Framkvæmd eftirlitsins getur verið með ólíkum hætti eftir aðstæðum. Ýmist verður *farið á eftirlitsstað* og kannað hvort viðkomandi starfsemi standist kröfur eða notast við *skrifborðseftirlit* þar sem framkvæmdin á eftirlitinu er rafræn. Í slíku eftirliti er kallað eftir upplýsingum frá eftirlitsþegum í úrtaki og þeir upplýstir um skyldur sínar í leiðinni. Eftirlit er haft með skipulögðum hætti með fyrir fram skilgreindu úrtaki en einnig í kjölfar ábendinga. Í slíku tilfalli skoðar stofnunin innihald ábendinga frá öðrum aðilum um hugsanleg lögbrott og rannsakar málið ýmist rafrænt eða með því að senda eftirlitsmann á staðinn.

Hin rafræna eftirlitsleið hefur þann kost að hún er hagkvæm og auðveldar eftirlit á landinu öllu með samræmdum hætti. Við val á eftirlitsþegum mun Umhverfis- og orkustofnun m.a. byggja á innflutningsgögnum frá Skattinum og gögnum um starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til að greina hvaða starfsemi í hverjum landshluta kunni að bera skyldur skv. þeim ákvæðum sem skoða á hverju sinni.

## 5.4 Eftirlit ársins 2025

Vegna reynslu fyrri eftirlitsára verður áfram lögð áhersla á matsölu- og veitingastaði, en við bætast hótél og ferðamannastaðir. Er það gert í viðleitni til þess að ná til fjölbreyttrar

atvinnustarfsemi og breiðs hóps eftirlitsþega. Að auki verður áhersla lögð á að ná til fyrirtækja sem starfrækja fleiri en eina starfstöð og þá líka á landsbyggðinni.

Niðurstöður eftirlits árið 2025 auk greiningar á kostum og göllum við framkvæmd verða lagðar til grundvallar við gerð eftirlitsáætlunar fyrir árið 2026.

## 5.5 Birting á samantekt eftirlits

Í lögunum er ekki kveðið sérstaklega á um birtingu á niðurstöðum eftirlitsins. Engu að síður mun Umhverfis- og orkustofnun birta samantekt um niðurstöður eftirlits frá undangengnu ári á vefsetri sínu<sup>14</sup>. Þetta er gert í samræmi við kröfur um gagnsæi opinberra stofnanna og vinnubrögð á öðrum málefnasviðum stofnunarinnar.

Samþykkt á afgreiðslufundi sviðs umhverfisgæða þann 3. apríl 2024.

---

<sup>14</sup> [Niðurstöður plasteftirlits](#)